



Jón Sveinsson

Bjarni Benediktsson – Jón Sveinsson

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360

Stjórnmalamaðurinn

Askja 2-8, Örk 3

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jón Sveinsson

cand. jur. hdm.
fv. bæjarstjóri.

Símar: 358 sveifstofan
19 heima

Akureyri 6. sept. 1941

Herra borgarstjóri ·
Bjarni Benediktsson
Reykjavík

Góði vin!

Með tilvitnun til munnlegs samtals okkar sendi ég þér eftirtalin skjöl:

1. Eftirrit af bréfi mínu til miðstj. Sjálfst.flokksins, dags. 25/11 1937.
2. Eftirr. af bréfi mínu til miðstj. Sjálfst.flokksins, dags. 22/4 1940.
3. Eftirr. af bréfi mínu til fjármálaráðuneytisins, 3/10 '40.

Nú vil ég þegar fá afgert við miðstjórn Sjálfstæðisflokksins, hvort í nokkru eiga að standa loforð þau um embætti eða gott starf, sem getur um í bréfum mínum til miðstjórnarinnar. Ég geri síðustu tilraunina til að fá eitthvað endanlegt í þessum málum, og bið þú ásamt alþingismanni Árna Jónssyni frá Múla og sýslumanni Gísla Sveinssyni að ræða málin við ráðherra Sjálfstæðisflokksins og fá hjá þeim ákveðin svör fyrir 5. næsta mán.

Nú er opin bankastjórástæða við Landsbankann, sem Sjálfstæðisflokkurinn ræður yfir, en samkvæmt loforði Ólafs Thors ætti ég að fá að sitja fyrir henni, ef ég vildi. Bæjarfógetastaðan á Akureyri er ekki laus, enda ráða ráðherrar Sjálfstæðisflokksins ekki yfir veitingu þess embættis, og ég vil alls ekki lengur láta táldraga mig á því.

Ég hefi sótt um að mér yrði veitt skattstjórástæða á Akureyri og um leið sýnt fram á, að rétt væri og sjálfsagt að setja hér sérstakan skattstjóra. Skrifstofustjóri Magnús Gíslason, hinn vitri og gætni maður, hefir fallist á að það væri rétt, og lagt með því við fjármálaráðherra, Jakob Möller.

En fjármálaráðherra liggur á málinu og svarar engu af eða á, enda þótt ég hafi margbeðið um ákveðið svar, því að mér kemur það mjög illa vegna ýmsra breytinga og ráðstafana, sem ég ætla að gera í starfrestri mínum, að geta ekki fengið ákveðið svar. Því er ekki að leyndu, að ég myndi í bráð setta mig við að fá þessa starfa og láta þá liggja á milli hluta, að sinni, lofordin um hið góða embætti.

Því er ekki ^{helstu} að leyndu, að ég hefi orðið mjög lítið að gera sem málfærslumaður. Á þessum góðu uppgangstímum er ekkert um málaferli og enginn biður lengur fyrir innheimtu, því að nú greiða allir með góðu, og um erlendar kröfur er ekki að ræða. Líka er ég orðinn hundleiður á þessu starfi, og ekki síst af þeim ástæðum, að víða við undirréttina út um landið virðist nærri orðið ómögulegt að fá ýmsum réttargerðum framfylgt. Sumir sýslumennirnir draga afgreiðslur mála von úr viti, eða afgreiðslur fást aldrei. Þeir sem til manns leita verða leiðir og kenna þá manni sjálfum um trassaskapinn. Urbætur fást engar, nema ávalt sé þá verið að kera til Stjórnarráðsins, en það er ekki gott að þurfa ávalt að vera að kera þá, sem verður að sækja undir og fá afgreiðslur málanna hjá. Dánarbú eru t.d. sjaldnast tekin til skipta, og kröfur, sem manni eru fengnar til innheimtu á þau, verða því oft og tíðum ónýtar í hendi manns. Lögreglumálum og slysamálum er reynt að eyða, fjárnáms- og kyrrsetningargerðir fást helst ekki framkvæmdar, og í málum, þar sem almenningur á að hafa opinbera vernd og aðstoð, eins og t.d. í barnsfaðernis- og meðlagsmálum, er ekki hægt að fá úrskurði fyrir en eftir mörg ár, og til eru dómara, sem eru svo vitgrannir, að þótt þeir framkvæmi einhverjar málamyndaréttargerðir, þá er ómögulegt að fylgja þeim eftir, nema þá með eilífum kærnum og áfrýjunum.

Launaða starfspósta frá því opinbera hefi ég enga. Áður var ég í stjórn Sjúkrasamlags Akureyrar, niðurbjörgunarnefnd, skattmatsnefnd, og hafði fleiri launuð störf, en þegar áreksturinn varð meðal Sjálfstæðismanna hér við síðustu bæjarstjórnarkosningar, spörkuðu Sjálfstæðismennirnir í bæjarstjórn Akureyrar mér út úr öllum þessum störfum, svo að ég hefi ekkert fast að styðjast við lengur. Meðan Böövars Bjarkans naut hér við og hann rak hér málfærslustörf, hafði hann ávalt launuð störf með, sem gáfu honum frá 10-15 þúsund króna tekjur árlega. Því var ekki mót von þótt honum liði

hér vel sem praktiserandi lögfræðingi. Hann var líka þar í flokki, þar sem yfirstjórn flokksins hlynnir að sínum mönnum og stendur við gefin loforð við þá, en sparkar ekki í þá eða svíkur þá um allt, sem hún lofar, og jafnvel styður að því, að flokksþrælar hennar reiti af mönnum þá starfa, sem þeir höfðu fyrir. En þeir Axel Kristjánsson og Indriði Helgason hafa vel látið á sér skilja, að það væri með góðu samþykki sumra háttsettra manna í miðstjórn flokksins, að þeir spörkuðu mér út úr þeim launuðu nefndum, sem ég sat í, og öðrum trúnaðarstörfum fyrir Sjálfstæðisflokkinn hér í bæ. En það er mál fyrir sig, þótt ekki takist að halda launuðum störfum fyrir pólitíska náð, enda þótt fullyrða megi, að aðrir starfhæfari menn séu ekki settir í staðinn. Hitt er lakara og ósvífna, þegar lítilsigldir menn, af pólitískri heift eða fyrir mútur frá andstæðingaflokkum, reyna að bola manni frá öllum störfum og spilla fyrir álitni manns og efnalegri afkomu á alla lund, svo að ekki sé hægt að afla sér neins til lífsframfaris. En ég vil halda fram, að ekkir sé trútt um að ég hafi orðið fyrir slíku aðkasti hér. Aftur er því ekki að neita, að allur almenningur hér í bæ leitar fyrr til mín en annarra lögfræðinga, ef hann þarf á lögfræðilegri aðstoð að halda. Fólkið er með mér, þótt sumir broddarnir séu á móti.

Ég skal minnst á það hér, að þegar Ólafur Thors kom norður fyrir þingkosningarnar 1937, eins og um getur í bréfi mínu til miðstjórnarinnar, bauð hann mér í áheyrn Indriða og Axels að gefa mér skriflegt í nafni miðstjórnarinnar ~~XXXXX~~ Sjálfstæðisflokksins, að ég skyldi fá annaðhvort þeirra embætti, sem þar voru tilnefnd, eða þá annað jafngott, jafnskjótt og flokkurinn hefði yfir nokkru nýtilegu starfi að ráða. Ég sagði honum, að hann þyrfti ekki að gefa mér þetta skriflegt, vitnaði aðeins til þeirra allra, að þeir skyldu vel muna hvað um væri talað. Mér fannst það móðgun og minnkun við formann flokksins, ef ætti að fara að taka hjá honum skriflegt loforð í þessu efni. Mér gat ekki flogið annað í hug en allt kæmi til að standa eins og stafur á bók, sem formaður eins stjórn-
málaflokks lofaði í fullri alvöru of hét að vinna eindregið að - þess stjórn-
málaflokks, sem ól á því í ræðu og riti, að hann væri heiðarlegasti flokkur landsins til orðs og æðis, og sem brá hinum flokkunum daglega um svik og ódrengskap. En hvað á ég nú að álíta um ráðandi menn Sjálfstæðisflokksins, ef ekkert á að standa af þeim loforðum, sem mér voru gefin?

Hvar er þeirra drengskapur og orðheldni? Ég sé ekki annað en á mér eigi að brjóta hin dýrustu loforð. Fæ ég banka-
stjórástöðuna eða ekki? Fæ ég bæjarfógetaembættið eða ekki?
Fæ ég ekki einusinni þetta skattstjórastarf, sem ég hefi
verið að sækja um? Ég krefst svars. Eða á að svíkja mig um
allt, og ætlar formaður og miðstjórn Sjálfstæðisflokksins að
beita mig líkum brögðum og ódrengskap eins og sumir hinir
helstu samherjar þeirra hér hafa gert? Eiga svik, spark og
áníðsla að endurtaka sig á öllum stöðum, eða á eitthvað að
fá að standa eða sýna lit á einhverjum efndum? Það er það
sem ég ~~ætla~~ ætla að biðja ykkur þessa þrjá herra að láta mig
vita um, skýrt og skorinort, upp úr næstu mánaðamótum. Ég finn
ekki annað en að í alla staði sé forsvaranlegt að veita mér
almennilegt starf. Ég hefi verið opinber starfsmaður fram
um fimmtugsaldur, og fullyrði, að ég hefi það sjálfstæði, starf-
hæfni, þrek og réttlæti til að bera, að mér sé eigi síður trú-
andi fyrir góðu og vandasömu starfi en hverjum öðrum.

Ég vil fá svör við bréfum mínum til miðstjórnarinnar.
Vill miðstjórnin reyna að koma hér sáttum á innan Sjálf-
stæðisflokksins eða vill hún það ekki? Ég hefi ekkert svar
fengið við þeirri uppástungu minni. Bæði bæjarstjórnar- og
Alþingiskosningar fara nú brátt í hönd. Vill miðstjórnin
ekki reyna að stuðla að því, að Sjálfstæðisflokkurinn haldi
hér þingsæti áfram og að samkomulag geti verið innan flokks-
ins um bæjarstjórnarkosningar? En vilji miðstjórnin ekkert
gera, verður ekki annað séð en að henni sé sama um þetta allt.
Og sé svo skal ég ekki sækjast eftir að vera forsmáður tagl-
hnýtingur í þeirra eyndarlest. En verið gæti, að lítið eitt
munaði um mig, ef ég snerist á móti. Það er ekki ómögulegt,
að minna áhrifa gæti gætt svo í þrem kjördæmum, að þau yrðu
lóðið á metaskálanum um það, hverra flokksmenn það yrðu, sem
þar næðu kosningu.

Ég mun koma suður upp úr mánaðamótum, og þá óska ég
eindregið eftir að búið verði að afgera þessi mál. En verði
þá ekki búið að fá neinu um þokað, lít ég svo á sem formaður
miðstjórnar, og þá með stuðningi hennar, ætli ekki að standa
við neitt af gefnum loforðum, og tel ég mig þá líka frjálstan
að mínum gerðum úr því. Ég mun ekki eftir það binda mína bagga
með flokksklíku þeirri, sem sýnir mér aðra eins brögðmálgi og
ódrengskap eins og hér virðist eiga að gera. "Vini sínum
skal maður vinur vera, þeim og þess vin", en breyta gegn hinum,

sem vort íslenzka eðli og lundarfar býður.

Að sumu leyti er mér þetta máttulegt. Ég er af alþýðufólki kominn og mátti í upphafi vita, að fór mín til frama og viðurkenningar gat ekki legið um þá braut, sem flokksklíka Sjálfstæðisflokksins ræður yfir. Meginafll hennar stendur saman af því sérgóðasta úr gömlu embættismannastéttinni og því lakasta úr kaupmannastéttinni. Þaðan eru þau öfl komin innan Sjálfstæðisflokksins, sem mestu ráða, þótt auk þess sé margt þar af nýtustu og bestu mönnum þjóðarinnar, en þeirra áhrifa er bara ekki látið gæta. Gamla klíkan heldur öllu að sínum og ýtir öðrum til hliðar. En hennar áhrif mættu gjarna fara minnkandi úr þessu. Það hefir sýnt sig gegnum alla okkar sjálfstæðisbaráttu, bæði út á við og inn á við, að þau eru miður holl þjóðinni. Ekki heldur mót von, þar sem margir af áhrifamönnunum eru ekki af íslenzku bergi brotnir, nema að sumu leyti, og hugsa og breyta öðruvísið en sannir Íslendingar vilja vera láta. Ég mátti þegar í byrjun vita, að hjá slíkri flokksklíku fengi ég aldrei notið mín, ef ég ætti að fá að halda sjálfstæði mínu í orðum og athöfnum, nema ég fylgdi forskrift hennar og skóla í einu og öllu, ella yrði mér ýtt til hliðar og um allt svikinn. Enginn sá sem af alþýðufólki er kominn, og þrek og vilja hefir, skyldi fylgja hinni ráðandi klíku Sjálfstæðisflokksins í einlægni, því að hún sér aldrei nema sína nánustu; aðra svíkur hún um allt, hefir ávalt gjört og mun ávalt gjöra. Hvað svo sem um Jafnaðarmenn og Framsóknarmenn má segja, þá hafa þeir gert eitt gott. Þeir hafa veitt nýju blóði inn í embættismannastétt landsins, og þess var fullkomin þörf.

Svo hefi ég þetta ekki lengra. Táláðu nú, Bjarni minn, hið fyrsta við þá Árna og Gísla og finnið þið ráðherrana strax. Reynið þið að fá hér einhverjar efndir á gefnum loforðum, því að þrigðmælgí og svík í tryggðum hefna sín ávalt. Setjið þið ekki blett á Sjálfstæðisflokkinn í þessu efni. Ég treysti ykkur til alls hins besta sem góðum og réttlátum drengjum og sönnum fyrirmönnum.

Þetta er skrifað eftir diktati og dálítið sundurlaust, og bið ég forláts á því. Eina bótin, að ég held það sé víða kjarngott og hugsunin rétt.

Vertu sáll og blessaður

Þinn einlægur

Jón Sveinsson